

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Fljótsdalshéraði.

*Urðunarstaður að Tjarnarlandi í Hjaltastaðáþinghá.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 5. desember 2012, deiliskipulag fyrir urðunarstað Tjarnarlandi. Deiliskipulagið felur m.a. í sér skipulag fyrir sorpförgun ásamt umhverfismatslýsingu fyrir svæðið og er svæðið áfangaskipt. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarsvæði við Selhöfða í Fellabæ.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 5. desember 2012, deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Selhöfða, Fellabæ. Deiliskipulagið felur m.a. í sér skipulag fyrir sex lóðir, sem eru 10.680 m<sup>2</sup> og upp í 25.514 m<sup>2</sup> að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hrafnabjörg í Hjaltastaðáþinghá.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 5. desember 2012, deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hrafnabjarga, Hjaltastaðáþinghá. Deiliskipulagið felur m.a. í sér skipulag fyrir 8 sumarbústaði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Norðvestursvæði, hjúkrunarheimili Egilsstöðum.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 6. febrúar 2013, deiliskipulag fyrir norðvestursvæði, hjúkrunarheimili og kirkja. Deiliskipulagið felur m.a. í sér skipulag fyrir hjúkrunarheimili, íbúðir aldraðra, heilsutengda þjónustu og safnaðarheimili. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 27. mars 2013.*

**Ómar Þröstur Björgólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2013